

Skjól í stormi

Hrefna Þórarinsdóttir
Hinsegin félagsmiðstöð S78 og Tjarnarinnar
Skólaárið 2025-2026



Efnisyfirlit

1.Inngangur	1
2.Lýsing á verkefninu – skipulag, umfang og framkvæmd	3
3.Samantekt - niðurstöður eða gagnsemi fyrir aðra	5
4. Mat á verkefninu	5
5.Greinargerð um notkun styrkfjár	5
6. Kynning	5

1. Inngangur

Í verkefninu Skjól í stormi var lagt upp með að styðja trans börn og ungmenni, foreldra þeirra og forsjáraðila sem og starfsfólk sem vinnur á vettvangi frítímans. Verkefninu var ætlað að skjóta skjóli yfir þennan hóp sem hafði og hefur enn staðið höllum fæti og verið skotspónn fyrir ýmsa hópa sem virða ekki tilvist þeirra og reyna að láta þau passa í box sem tilheyra þeim alls ekki. Við höfum séð valdamikið fólk á opinberum vettvangi og í fjölmiðlum tala gegn þessum hópi barna og ungmenna, fordómar og hatursorðaræða hefur sjaldan verið jafn sýnileg og smitast hratt á milli manna. Okkur þótti því nauðsynlegt að grípa til aðgerða í okkar starfi til að tryggja öryggi þessara barna og ungmenna og styrkja þau sem standa þeim næst.

Í umsókninni var lögð áhersla á eftirfarandi þætti:

Verkefni hefst í lok ágúst 2025.

Fyrst verður lögð áhersla á að fræða starfsfólk félagsmiðstöðva í Reykjavík um stöðu trans barna og ungmenna, hvernig sé best að styðja við þau í starfi og búa þeim öruggt athvarf í félagsmiðstöðvum borgarinnar.

Í kjölfar fræðslunnar mun verkefnastjóri óska eftir tilnefningum í sértækt hópastarf og óska eftir að forstöðumenn ræði við skólastjórnendur, námsráðgjafa og aðra viðeigandi aðila sem kunna að geta bent á einstaklinga sem gætu notið góðs af hópastarfinu. Einnig verður haft samráð við sérfræðing í trans málefnum hjá Samtökunum 78, Sigríði Birnu Valsdóttur og óskað eftir tilnefningum frá henni en hún hefur í fjölda ára veitt trans börnum og fjölskyldum þeirra ráðgjöf og viðeigandi þjónustu.

Áætlað er að þessi vinna standi frá lok ágúst til loka septembermánaðar og í byrjun októbermánaðar hefst svo 12 vikna sértækt hópastarf sem keyrt verður tvisvar sinnum yfir skólaárið.

Sértækt hópastarf fyrir trans börn á aldrinum 13-16 ára

Áætlað er að fyrri hópastarfið hefjist í byrjun októbermánaðar og standi til loka desembermánaðar og það seinna hefjist í lok janúarmánaðar og standi til loka marsmánaðar. Lögð verður áhersla á sjálfeflingu þátttakenda, uppbyggingu sjálfsmyndar, fræðslu og hópefli auk þess sem þátttakendur eru hvattir til að sækja opið starf Hinsegin félagsmiðstöðvarinnar meðan á hópastarfinu stendur sem og eftir það.

Foreldrasamstarf

Boðað verður til foreldrafræðslu fyrir þátttakendur í hópastarfinu í byrjun hvors hóps fyrir sig. Foreldrar frá fræðslu frá verkefnisstjóra, Frístundamiðstöðvum Reykjavíkurborgar, sérfræðingi í málefnum trans barna, Samtökunum 78 og öðrum viðeigandi aðilum. Foreldrar þátttakenda fá vikulegt fréttabréf um verkefnið og vill verkefnisstjóri vera í nánú samstarfi við foreldra til að öll þau sem taka þátt fái sem mest úr starfinu.

2. Lýsing á verkefninu – skipulag, umfang og framkvæmd

Okkur var fljótt ljóst að verkefnið væri töluvert umfangsmeira en styrkurinn gerði ráð fyrir en við sóttum um 8.miljónir en fengum 4.miljónir. Forstöðukona ákvað því að breyta tilhöguninni með tilliti til fjármagns og verður gert grein fyrir þeirri tilhögun hér að neðan. Umfjölluninni verður skipt í þrjá flokka; Trans börn og ungmenni í starfi hinsegin félagsmiðstöðvarinnar, foreldrasamstarf og samstarf við fagaðila á vettvangi frítímans og velferð barna.

Trans börn og ungmenni í starfi hinsegin félagsmiðstöðvarinnar

Í september settust forstöðukona og starfsfólk félagsmiðstöðvarinnar niður og kortlögðu hópinn sem hefur sótt 10-12 ára starfið annarsvegar og 13-16 ára starfið hinsvegar.

Töluverður fjöldi trans barna og ungmenna eru í báðum hópum og eru mörg hver komin í þjónustu við Transteymi Bugl en önnur ekki. Þar sem fjármagn dugði ekki til að halda úti sérstæku hópastarfi fyrir þennan hóp lögðum við áherslu á að virkja þau í starfinu, bæði á almennum opnunum á þriðjudagskvöldum, á klúbbstarfsopnunum á fimmtudögum sem og í sameiginlegu ungmennaráði félagsmiðstöðvarinnar og Samtakanna 78.

Klúbbstarfsopnanirnar voru hugsaðar sem sóknarfæri til að nálgast hópinn enn betur og var leitað sérstaklega til trans barna og ungmenna og búnir til klúbbar í kringum óskir þeirra og hefur einn þeirra gengið vonum fram; Saumaklúbbur Hinsegin félagsmiðstöðvarinnar.

Hugmyndin að saumaklúbbum spratt upp í samtali við trans og kynsegin ungmenni sem lýstu yfir vandræðum með að fá hentugan fatnað sem væri þeim að skapi. Eftir að hafa velt steinum hvað væri hægt að gera fannst hópnum það heillandi tækifæri að kaupa saumavél og safna saman efni til þess að gera eigin flíkur. Hópurinn hefur vaxið og dafnað í vetur og hafa foreldrar og aðrir velunnarar skaffað hópnum fatnað til að endurnýta, efnisbúta og ýmislegt annað sem þau hafa nýtt til þess að skapa sinn eigin, persónulega fatnað.

Á haustmánuðum ákváðum við einnig í samráði við Samtökin 78 að færa stuðningshóp Trans barna og ungmenna inn í félagsmiðstöðina. Hópurinn hittist mánaðarlega með Sigríði Birnu Valsdóttur, fjölskylduráðgjafa og sérfræðings í málefnum trans barna og ungmenna og Kristmundi Péturssyni, fræðara hjá S78 og starfsmanni Hinsegin félagsmiðstöðvarinnar. Hugsunin á bak við það að færa hópinn inn í félagsmiðstöðina var að mynda brú á milli stuðningshópsins og félagsmiðstöðvarinnar og þar af leiðandi auka líkurnar á því að þátttakendur í stuðningshópnum ættu auðveldara með að sækja starf félagsmiðstöðvarinnar sem og þátttakendur í starfi félagsmiðstöðvarinnar ættu auðveldara með að nýta sér stuðningshópinn. Forstöðukona telur þetta afar jákvæða breytingu og hefur töluverður fjöldi trans barna og ungmenna sem hafa ekki áður sótt starfið bæst við í okkar fjölmenna hóp. Einnig hefur fjöldi þátttakenda í stuðningshópnum aukist og telur forstöðukona líklegt að það sé vegna þess að starfið er nú á þeirra heimavelli, í félagsmiðstöðinni þar sem þau upplifa öryggi og stuðning.

Ungmennaráð Hinsegin félagsmiðstöðvarinnar og S78 var endurvakið á haustmánuðum og var mikill fókus settur í að skoða hvað ráðið gæti gert til að tryggja öryggi trans barna og ungmenna í starfinu og auka vellíðan þeirra í félagsmiðstöðinni sem og víðar. Ráðið var sammála um að það skipti miklu máli að félagsmiðstöðin gæti boðið upp á gjaldfrjálsa bindera, túrvörur á öllum salernum og að auka trans sýnileika í félagsmiðstöðinni. Ráðið skipulagði góðgerðarkvöld í desember þar sem allur ágóði rann beint í sjóð til kaupa á

binderum, forstöðukona félagsmiðstöðvarinnar í samráði við aðra aðila í Spennistöðinni tryggði að túrvörur væru aðgengilegar á öllum salernum sem og að tryggja að salernin væru merkt öllum kynjum og lagt hefur verið mikið kapp í að auka trans sýnileika í starfi félagsmiðstöðvarinnar bæði í dagskrárvali, bókum, spilum og á samfélagsmiðlum.

Samstarf við foreldra og forsjáraðila

Á haustmánuðum bauð félagsmiðstöðin upp á foreldakvöld í anda foreldrahermis þar sem ætlunin var að styrkja samband starfsfólk félagsmiðstöðvarinnar við foreldra og forsjáraðila þeirra barna sem sækja bæði 10-12 ára starfið sem og unglingastarfið.

Kvöldið var sett upp eins og opnun í félagsmiðstöðinni og boðið upp á allskonar afþreyingu, hópefli og almennt spjall. Kvöldið gekk vonum framar og er það von okkar að geta boðið upp á fleiri slík kvöld.

Ein af okkar helstu áhyggjum í vetur hefur verið aukin sjálfskaðandi hegðun og tíðari tilraunir til sjálfsvígs innan hópsins okkar. Haft var samband við Kristínu Ingu Grímsdóttur, geðhjúkrunarfræðing sem sérhæft hefur sig í málefnum og boðið upp á foreldrafræðslu annarsvegar og fræðslu fyrir starfsfólk frístundamiðstöðvarinnar Tjarnarinnar hinsvegar og væri óskandi að geta boðið upp á slíka fræðslu fyrir alla foreldra og starfsfólk félagsmiðstöðva í borginni því þetta er efni sem kemur okkur öllum við og því fleiri sem eru vakandi fyrir sjálfsskaðandi hegðun og vísbendingum um sjálfsvígshættu, því fyrr er hægt að bregðast við.

Forstöðukona hefur einnig lagt áherslu á að fylgjast vel með trans börnum og ungmennum í starfinu og sett sig í samband við foreldri og forsjáraðila eftir þörfum.

Samstarf við fagaðila á vettvangi frítímans og velferð barna

Forstöðukona hefur lagt áherslu á að fylgjast vel með málefnum trans barna og ungmenna og hvatt aðra fagaðila á vettvangi frítímans að gera slíkt hið sama. Það skiptir gríðarlegu máli að við sem fagfólk höfum hag þessara barna og ungmenna að leiðarljósi í öllum þeim öldugangi sem hefur dunið yfir okkur undanfarin misseri. Forstöðukona tók þátt í grunnfræðslu fyrir nýtt starfsfólk í félagsmiðstöðvum og fjallaði um málefni hinsegin barna og lagði sérstaka áherslu á málefni trans barna og ungmenna og hvatti starfsfólk sem og stjórnendur að gera slíkt hið sama í starfi sínu. Til stóð að hafa sérstaka fræðslu um trans börn og ungmenni fyrir stjórnendur félagsmiðstöðva í Reykjavík en stefnan er að gera það í apríl/mái 2026.

Samstarf við aðra aðila sem sinna velferð barna hefur aukist þennan veturinn en forstöðukona situr í alls 5 samþættingarteymum sem snúa að trans börnum og væri rými til að sitja í fleiri slíkum teymum væri þess óskað. Það hefur gert forstöðukonu kleift að fylgjast enn betur með málum þeirra barna, verið í beinum samskiptum við foreldra og forsjáraðila, kennara og starfsfólks Bugl sem hefur verið gríðarlega öflugt tækifæri til að hlúa betur að velferð þeirra barna.

3. *Samantekt - niðurstöður eða gagnsemi fyrir aðra*

Að hafa geta lagt sérstakan fókus á trans börn og ungmenni hefur reynst gríðarlegt sóknarfæri fyrir starfsemi félagsmiðstöðvarinnar í vetur en ljóst er að verkefni er mun stærra og umfangsmeira en fjármagn og tími gafst fyrir. Hópurinn er stór og gríðarlega þjónustubungur og þarf verkefnið að standa yfir í lengri tíma til að geta séð árangur erfiðissins. Einnig væri óskandi að geta farið í þá vegferð sem lagt var upp með í umsókninni, að geta boðið upp á sértækt hópastarf yfir lengri tíma og rannsakað þannig árangur slíks starf á þennan hóp barna og ungmenna. Það má þó margt læra af reynslunni einni og er forstöðukonu ljóst að til þess að styrkja þennan hóp barna þarf líka að leggja álíka vinnu í að styrkja starfsfólk á vettvangi í málefnum trans barna og ungmenna til þess að þau eigi og upplifi öruggt skjól á fleiri stöðum. Það eitt, að vekja athygli á því og opna samtalið um frístundastarf fyrir trans börn og ungmenni er góður byrjunarpunktur er það sem forstöðukonu langar að leggja áherslu á á síðustu mánuðum verkefnissins. Hvað getum við gert með þau tæki og tól sem við höfum og hvað vantar frístundastarfsfólki til að vera enn færara að sinna þessum hópi barna.

Forstöðukonu langar að bjóða til samráðsfundar með stjórnendum félagsmiðstöðva í Reykjavík til að ræða þessi mál og einnig að fá ungmennaráð félagsmiðstöðvarinnar og S78 til að ræða við ungmennahópinn í heild sinni hvað þeim finnst fólk á vettvangi þurfa að gera betur til að þau upplifi það skjól sem við viljum svo mikið veita þeim.

Stefnt er á að nýta síðustu mánuði verkefnissins til að kortleggja þessar þarfir og nýta þær upplýsingar í kynningu verkefnissins sem og ígrundum um starfið í vetur í heild sinni.

4. *Mat á verkefninu*

Enn sem komið er er matið óformlegt en eftir samtal við fólk á vettvangi og ungmennin verður vonandi hægt að nýta niðurstöðurnar í lokamati verkefnissins.

5. *Greinargerð um notkun styrkfjár*

Styrkurinn var að fullu nýttur í að auka við starfsfólk í tímavinnu í starfi Hinsegin félagsmiðstöðvarinnar en með honum tókst okkur að auka úr 2 starfsmönnum í 6 sem og í efniskostnað við opnanir og klúbbastarf félagsmiðstöðvarinnar.

6. *Kynning*

Forstöðukona hefur áætlanir um að kynna verkefnið á Höfuð í bleyti, Starfsdögum Samfés-samtaka félagsmiðstöðva og ungmennahúsa sem og fyrir stjórnendum félagsmiðstöðva í Reykjavík á fyrrnefndum samráðsfundi.